



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

hrn@hrn.is
545 8700

Síðumúla 24,
108 Reykjavík

stjornarradid.is

Umboðsmaður Alþingis
Ingibjörg Þóra Sigurjónsdóttir
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík

Reykjavík 23. september 2022

Tilv.: HRN22030203/04.11.25

Efni: Svör við ábendingum/tilmælum umboðsmanns Alþingis vegna OPCAT eftirlits.

Hinn 30. mars sl. óskaði umboðsmaður Alþingis eftir viðbrögðum heilbrigðisráðuneytisins við ábendingum og tilmælum sem fram komu í skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar á bráðageðdeild 32C við Hringbraut dagana 29. og 30. september 2021, á grundvelli OPCAT-eftirlits.

Heilbrigðisráðuneytið getur upplýst um að reglugerð um ráðgjöf og stuðning í kjölfar nauðungarvistunar í samræmi við 3. mgr. 29. gr. lögræðislaga er í vinnslu hjá heilbrigðisráðuneytinu og gert er ráð fyrir að búið verði að birta hana fyrir lok árs 2022. Samhliða þeirri vinnu er til skoðunar hvort ekki sé rétt að taka upp ákvæði um kynningu á réttindum nauðungarvistaðs manns samkvæmt heimild í 25. gr. lögræðislaga í þá reglugerð.

Þeim tilmælum var beint til heilbrigðisráðherra að standi vilji stjórnvalda og Alþingi til þess að heimilt verði að beita úrræðum gagnvart sjúklingum á lokuðum geðdeildum, sem gera kröfu um sérstaka lagaheimild ef víkja á frá réttindum þeirra, þá verði að tryggja að slíkar ráðstafanir séu skilgreindar og þeim búið viðhlítandi umgjörð í settum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Á 151. löggjafarþingi lagði þáverandi heilbrigðisráðherra fram frumvarp um breytingar á lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 en frumvarpinu var ætlað að skapa lagaramma um beitingu nauðungar á heilbrigðisstofnunum. Vinnu við frumvarpið má rekja til athugasemda frá umboðsmanni Alþingis í kjölfar eftirlitsheimsókna á lokaðar deildir geðsviðs Landspítala haustið 2018 á grundvelli OPCT-eftirlits. Frumvarpið var unnið til að tryggja réttindi sjúklinga á heilbrigðisstofnunum. Frumvarpið var tekið til umfjöllunar í velferðarnefnd en náði ekki fram að ganga. Velferðarnefnd lagði til nokkrar breytingar á frumvarpinu og var því breytt til samræmis við þær. Frumvarpið var síðan lagt fram að nýju á 152. löggjafarþingi en eftir fyrstu umræðu ákvað heilbrigðisráðherra að afturkalla frumvarpið og vísa því samráðshóp til að fjalla nánar um afstöðu notendahópa til málsins og mögulegar breytingar á frumvarpinu. Sá starfshópur er enn að störfum og mun hópurinn skila athugasemdum sínum um frumvarpið í síðasta lagi 1. desember nk. Frumvarpið er á þingmálaskrá 153. löggjafarþings og gert er ráð fyrir að það verði lagt fram í febrúar 2023 eftir að tekið hefur verið tillit til athugasemda fyrrgreinds starfshóps.


Varðandi þá ábendingu til heilbrigðisráðherra að leita leiða til að draga úr biðlistum á langtímadeildir geðsviðs til að tryggja að frelsissvipting sjúklinga sé ekki meira íþyngjandi en tilefni er til hverju sinni vill heilbrigðisráðuneytið koma því á framfæri að geðþjónusta Landspítala vinnur að því að efla sérhæfð teymi sem starfa á dag- og göngudeildum meðferðareininga með það að markmiðið að notandi sem náð hefur batamarkmiðum á legudeild geti útskrifast sem fyrst og í kjölfarið fengið meðferð og eftirfylgd í slíkum teyimum. Heilbrigðisráðherra ráðstafaði fjármunum af fjáráukalögum 2021 í samræmi við ákvörðun Alþingis meðal annars til átaksverkefna í göngudeildarteyimum á geðþjónustu Landspítala. Markmið þeirra verkefna var að stytta biðlista og biðtíma eftir sérhæfðri þriðja stigs

geðheilbrigðisþjónustu og þannig stuðla að betra fráflæði af legudeildum geðþjónustunnar. Samkvæmt skýrslu Landspítala til heilbrigðisráðherra hafa átaksverkefnið skilað verulegum árangri og stýtt bið eftir þjónustu teymanna.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra



Sigurður Kári Arnason



Anna Birgit Ómarsdóttir